

## Fréttatilkynning

Morgunverðarfundur lyfsalahóps SVP 17. janúar:

# Leiðir til lækkunar á lyfjakostnaði og lyfjaverði

Reykjavík, 14. janúar 2007

Leiðir til lækkunar á lyfjaverði og lyfjakostnaði verða ræddar á morgunverðarfundum á vegum lyfsöluhóps SVP - Samtaka verslunar og þjónustu fimmtudaginn 17. janúar á Hilton Reykjavík Nordica. Fyrirlesarar verða Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra, Pétur H. Blöndal, alþingismaður og formaður nefndar á vegum heilbrigðisráðherra, og Þorvaldur Árnason, fulltrúi lyfjasmásala í lyfjagreiðslunefnd.

Lyfjaverð er aðeins einn af mörgum þáttum sem hafa áhrif á lyfjakostnað almennings og ríkisins. Aðrir þættir eru m.a. hvernig og hvaða lyf eru notuð, hvernig niðurgreiðslum Tryggingastofnunar er háttað og hvernig staðið er að rekstri heilbrigðisstofnana.

Nokkur umræða hefur átt sér stað að undanförunu um hvort og hvernig samkeppni á lyfjamarkaði hefur áhrif á lyfjakostnað og hafa stjórnvöld boðað breytingar á lyfjaumhverfinu. Heilbrigðisráðherra hefur skipað nefnd til að endurskoða kostnaðarþátttöku almennings í heilbrigðiskerfinu og eins hefur hann sett af stað vinnu við að skoða möguleika þess að Norðurlöndin verði einn markaður fyrir lyf og heilbrigðisþjónustu. Á fundinum verður farið yfir hver staðan er í smásölu lyfja og leitað svara við því hvaða aðferðum er hægt að beita til að lækka lyfjakostnað og lyfjaverð á Íslandi.

Morgunverðarfundurinn fer fram á Hilton Reykjavík Nordica fimmtudaginn 17. janúar frá kl. 8 til 10. Aðgangseyrir er kr. 2.500. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á netfangið [svth@svth.is](mailto:svth@svth.is) eða í síma 511 3000. Nánari upplýsingar um fundinn má nálgast á vefsíðu SVP: [www.svth.is](http://www.svth.is)

### Nánari upplýsingar veitir:

Þorvaldur Árnason, fulltrúi lyfjasmásala í Lyfjagreiðslunefnd, í síma 577-1157 eða farsíma 894-5252.